



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 52/2015

Ákvörðun um sektir vegna villandi merkinga á umbúðum Íslensks Meðlætis

I.

Málmeðferð

1.

Í bréfi Neytendastofu til Eggerts Kristjánssonar hf., dags. 26. ágúst 2015, kom fram að stofnuninni hafi borist ábending vegna merkinga og útlits umbúða Íslensks Meðlætis. Ábendingin snúi að því að merkingar og útlit umbúða vörunnar gefi tilefni til að ætla að um íslenska ræktun sé að ræða.

Í bréfinu segir jafnframt að með ákvörðun Neytendastofu nr. 3/2009 hafi stofnunin komist að þeirri niðurstöðu að sambærilegar umbúðir Íslensks Meðlætis frá Eggerti Kristjánssyni hf. brytu gegn ákvæðum 5. gr., 2. mgr. 9. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, þar sem útlit umbúðanna og upplýsingar á þeim, að teknu tilliti til framsetningar vörumerkisins, gefi ótvírætt í skyn að uppruni grænmetisins sé íslenskur. Eggerti Kristjánssyni hf. hafi verið bönnuð notkun umbúðanna.

Í kjölfar ákvörðunarinnar hafi upplýsingar á umbúðum vörunnar verið bættar og hafi Neytendastofa því ekki talið ástæðu til að grípa til frekari aðgerða þó enn væri notast við sama útlit og merkingar á umbúðunum. Af ábendingu þeirri sem Neytendastofu hafi nú borist virðist hinar viðbættu upplýsingar hafa verið fjarlægðar.

Farið var fram á skýringar Eggerts Kristjánssonar hf.

2.

Svar barst með bréfi, dags. 4. september 2015. Í bréfinu segir að í janúar 2014 hafi fyrirtækið Eggert Kristjánsson hf. verið selt núverandi eigendum. Á sama tíma hafi verið skipt um stjórnendateymi í fyrirtækinu. Nýjum stjórnendum hafi aldrei verið kunnugt um ákvörðun Neytendastofu nr. 3/2009 og hafi verið í góðri trú um að allt væri með felldu þegar haldið hafi verið áfram með pökkun á grænmeti í umbúðir Íslensks Meðlætis á árinu 2014 og 2015.



Það sé ekki ætlun forsvarsmanna fyrirtækisins að reyna að blekkja íslenska neytendur á einn eða annan hátt. Íslenskt Meðlæti sé heiti fyrir vörur sem höfði til íslendinga almennt og hafi verið á borðum landsmanna lengi.

Snemma á árinu 2014 hafi pökkun á grænmetinu verið úthýst til annars aðila og sú vélarsamstæða sem sjái um verkið verið endurnýjuð. Gamla pökkunarvélin hafi verið lögð til hliðar og hafi ekki verið í notkun frá því í mars 2014.

Skýringin á því að prentun upprunals hafi dottið út sé fyrst og fremst af gáleysi og þekkingarleysi frekar en af ásetningi. Hana megi rekja til þess að skipt hafi verið um búnað við pökkun og þess ekki gætt að prentun þessara upplýsinga fylgdi með við prentun lotunúmers og best fyrir dagsetninga, en til þess sé notaður sérstakur sprautuprentari sem sé áfastur pökkunarvélinni.

Félagið muni gera ráðstafanir til að bæta úr þessu í næstu pökkunarlotu sé þess kostur og sjá til þess að upplýsingar um uppruna innihalds verði öllum ljósar.

3.

Í bréfi Neytendastofu til Eggerts Kristjánssonar hf., dags. 25. september 2015, kom fram að stofnuninni þyki liggja ljóst fyrir að brotið hafi verið gegn ákvörðun stofnunarinnar nr. 3/2009. Stofnuninni séu veittar heimildir til álagningar stjórnvaldssektar fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 og ákvörðunum á grundvelli þeirra. Ekki hafi verið lagðar sektir á félagið með ákvörðun Neytendastofu nr. 3/2009 en stofnunin líti alvarlegum augum þegar ákvörðunum hennar sé ekki fylgt og telji því ástæðu til að leggja stjórnvaldssekt á Eggert Kristjánsson hf. fyrir brotið.

Við ákvörðun fjárhæðar sektarinnar yrði tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem fram hafi komið í bréfi félagsins.

Að lokum var Eggerti Kristjánssyni hf. gefinn kostur á að koma að frekari frekari skýringum eða athugasemdum, sem áhrif geti haft á ákvörðun um stjórnvaldssekt, teldi félagið þörf á.

Engin frekari svör bárust.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar brot Eggerts Kristjánssonar hf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 3/2009. Með ákvörðuninni var Eggerti Kristjánssyni hf. bönnuð notkun umbúða á vörum merktum Íslensku Meðlæti þar sem útlit umbúðanna og upplýsingar á þeim gáfu með villandi hætti til kynna að



uppruni grænmetisins væri íslenskur. Um var að ræða brot geng ákvæðum 5. gr., 2. mgr. 9. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Í ljósi þess að upplýsingum um upprunaland var bætt við á umbúðirnar taldi Neytendastofa ekki ástæðu til að grípa til frekari aðgerða þótt enn væri notast við sama útlit og sömu merkingar á umbúðunum.

Ákvörðunarorð ákvörðunar nr. 3/2009 eru svohljóðandi:

„Eggert Kristjánsson hf., rekstraraðili Íslensks meðlætis hf., Sundagörðum 4, Reykjavík, hefur með notkun umbúða utan um snöggsóðið og djúpfryst rósakál og gulrótarskífur, frá Íslensku Meðlæti hf., brotið gegn ákvæðum 5. gr., 2. mgr. 9. gr. og 14. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. sömu laga bannar Neytendastofa Eggerti Kristjánssyni hf. notkun umbúðanna. Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar. Í banninu felst ekki innköllun þegar dreifðra umbúða. Verði ekki farið að banninu má búast við að Neytendastofa taki ákvörðun um sektir á grundvelli 22. gr. sömu laga.“

Af ákvörðunarorðum er skýrt að Eggerti Kristjánssyni hf. var bönnuð notkun umbúðanna að viðlögðum sektum. Eins og áður greinir féllst stofnunin á þær breytingar sem gerðar voru á umbúðunum og heimilaði áframhaldandi notkun þeirra gegn skýrari upplýsingagjöf.

Í málinu liggur fyrir að upplýsingar um upprunaland grænmetisins sem bætt var á umbúðirnar í kjölfar ákvörðunar Neytendastofu nr. 3/2009 voru fjarlægðar af umbúðum vörunnar en í skýringum Eggerts Kristjánssonar hf. hefur komið fram að um mistök eða gáleysi hafi verið að ræða. Neytendastofu þykir því ljóst að brotið hafi verið gegn ákvörðun stofnunarinnar nr. 3/2009.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V. kafla laganna. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið telur Neytendastofa að leggja verði á sekt í samræmi við heimildir laga.

Með vísan til alls framangreinds og að teknu tilliti til skýringa fyrirtækisins, umfangs brotsins, fyrri sektarákvarðana stofnunarinnar og að teknu tilliti til meðalhófs- og jafnræðisreglu stjórnsýslulaga telur Neytendastofa rétt að leggja á Eggert Kristjánsson hf., stjórnvaldssekt að fjárhæð 500.000 kr. (fimmhundraðþúsundkrónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.



III.

Ákvörðunarorð:

„Eggert Kristjánsson hf., Skútuvogi 3, Reykjavík, braut gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 3/2009 *Kvörtun Lóu Pind Aldísardóttur yfir upplýsingum og útliti umbúða á vörum frá íslensku Meðlæti hf., sem rekið er af Eggerti Kristjánssyni hf. með því fjarlæga upplýsingar um upprunaland grænmetisins af umbúðum vörunnar.*

Með heimild í a. og b. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Eggerti Kristjánssyni hf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 500.000 kr. (fimmhundraðþúsundkrónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkisjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 13. nóvember 2015

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir